



OLÍUVERZLUN
ÍSLANDS HF

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1986
komudagur 4.5.2010

Reykjavík, 30. apríl 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Olíuverzlunar Íslands um mál 531

Vísað er til tölvupósts yðar sem er dagsettur 20. apríl síðast liðinn.

Sú lagabreyting sem er til umræðu er verulega flókin í framkvæmd fyrir félagið, ef hún á annað borð er möguleg.

- Núverandi sjálfsalakerfi félagsins á mannlásum stöðvum býður ekki upp á að unnt sé að eyrnamerkja tiltekna eldsneytistegund ákveðnum greiðslumiðli. Á mannlásum stöðvum myndi þurfa að gera breytingar á sjálfsalakerfi félagsins áður en unnt verður að afgreiða tegundina verði frumvarpið að lögum. Félagið hefur ekki fengið staðfest hvort unnt sé að gera nauðsynlegar breytingar á sjálfsalakerfi félagsins þannig að hugsanlega þarf að skipta því út.
- Á hefðbundnum þjónustustöðvum er venjan sú að fyllt er á ökutæki og greiðsla fer síðan fram. Ef takmarka á greiðslu við eina gerð greiðslumiðils þá mun ítrekað koma upp sú staða að dæla þarf af ökutæki viðskiptavina því eldsneyti sem búið er að dæla á. Ef frumvarpið verður að lögum myndi þurfa að gera breytingar á kassakerfum félagsins áður en unnt verður að afgreiða tegundina á hefðbundnum þjónustustöðvum.

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins kemur fram að breytingin muni fela í sér lítið óhagræði fyrir kaupendur eldsneytis og olíufélögin og að búnaður sé allur fyrir hendi. Félagið mótmælir þessari staðhæfingu. Það liggur fyrir að ef breytingin er á annað borð möguleg þá mun hún hafa í för með sér umtalsverðan kostnað fyrir félagið, auk þess sem viðskiptavinir sem munu þurfa að láta dæla eldsneyti af ökutæki eftir áfyllingu munu verða fyrir umtalsverðu óhagræði.

Eins og áður hefur komið fram þá er um viðamikla breytingu á afgreiðslukerfum og dælukerfum félagsins að ræða. Tími til 1. júlí er alltof skammur fyrirvari til að koma nauðsynlegum aðlögunum í gegn og framkvæma viðeigandi prófanir. Félagið telur að 6 mánuðir væru mun eðlilegri aðlögunartími en sá tími sem er lagður til í frumvarpinu, ef frumvarpið verður að lögum.

Að lokum vill félagið leiðrétta misskilning sem virðist gæta í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins þar sem segir að afgreiðslur á bilinu 40-60 lítra veki upp grunsemdir um að verið sé að dæla litaðri olíu á einkabíla en ekki stórar vinnuvélar. Stórar þungavinnuvélar fara almennt ekki inn á þjónustustöðvar til að sækja eldsneyti, heldur fá þær afgreitt eldsneyti með tankbíl eða taka eldsneyti af litlum fargeymum sem eru geymdir á vinnusvæði þeirra. Það er hinsvegar talsvert um það að flutningabílar hafi litlar kælivélar á pallinum sem þeir taka litaða olíu á, auk þess traktorsgröfur taka almennt sitt eldsneyti á þjónustustöðvum, en algengt er að slík tæki hafi 50 – 100 ltr tanka.

Með bestu kveðju,

Samúel Guðmundsson

Framkvæmdastjóri Vörustýringarsviðs



Sundagarðar 2
104 Reykjavík
Kt. 500269-3249
Vsk.nr.: 11765
Sími: 515 1000
Bréfsími: 515 1010
Heimasíða: www.olis.is
Netfang: olis@olis.is



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 138/1887
komudagur 4-5. 2010

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík	3. maí 2010	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis nefndarinnar dags. 20. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um olúgjald og kílómetragjald (sala litaðrar olíu), 531. mál.

Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar er lúta að því að styrkja framkvæmd og innheimtu olíu- og kílómetragjalds.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa við frumvarpið.

Sveinn Hrafn

Árnó Gu.

4.5.2010

Á fundi efnahags- og skattanefndar þann 27. apríl var m.a. tekið fyrir mál nr. 531, frumvarp um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald. Bornar voru upp þrjár spurningar af hálfu formanns nefndarinnar. Svör ríkisskattstjóra fara hér á eftir:

1. Hvað var í upphafi áætlað að notkun á litaðri olíu yrði mikil og hver hefur raunin orðið? Ríkisskattstjóri hefur ekki undir höndum upplýsingar um áætlaða notkun á litaðri olíu og er embættinu ekki kunnugt um að áætlanir af þeim toga hafi verið gerðar. Ríkisskattstjóra ber hins vegar að safna saman upplýsingum um notkun á díselolíu og þ.m.t. litaðri olíu og er þær að finna í meðfylgjandi töflum.

2. Munu þessar tillögur sem lagðar eru fram í frumvarpinu ná að koma böndum á misnotkunina?

Það er von ríkisskattstjóra að stórlega muni draga úr misnotkun verði frumvarpið lögfest, einkum ef almenningi verði gert ljóst að eftirlitsyfirvöldum verði hægara um vik að fylgjast með kaupum á litaðri olíu. Aðgerðirnar munu þó aldrei koma algerlega í veg fyrir misnotkun og er vandséð hvaða aðferðir myndu ná því, ef einhverjar.

Því hefur oft verið borið við í sektarmálum að viðkomandi hafi ekki áttað sig á því að um kaup á litaðri olíu hefði verið að ræða. Á slíkar mótbárur hefur ekki verið fallist. Eftirliti starfsmanna Vegagerðarinnar er oft erfitt á sölustöðum eldsneytis þar sem þeir sjá ekki frá bíl sínum úr hvaða tanki verið er að dæla. Þeirri hugmynd hefur verið varpað fram að olíufélögunum yrði gert að setja upp blikkandi ljós á þá tanka sem hafa að geyma litaða olíu. Það myndi í fyrsta lagi auðvelda starf starfsmanna Vegagerðarinnar, í öðru lagi hafa fælandi áhrif og loks myndi slíkt ljós væntanlega útiloka það að menn dæli rangri olíu af misgáningi, sem sagt í þágu viðskiptavina.

Þá hafa eftirlitsyfirvöld haft rökstuddan grun um það að eigendur stærri bíla (t.d. jeppa) komi fyrir aukatönkum í bifreiðum sínum nánast í þeim tilgangi einum að geta falið notkun litaðrar olíu. Inntak í tankana er jafnvel inni bifreiðunum sjálfum og því óhægt um vik fyrir eftirlitsmenn að átta sig á aðstæðum. Til að sporna við þessu mætti kveða á um skyldu til að tilkynna breytingar af þessum toga sérstaklega til skattýfirvalda og jafnvel skylda að setja limmiða um breytingarnar á dyrastafi bifreiðarinnar. Þessu tengt hefur verið rætt um það að jafnvel þyrfti að setja ákvæði um skyldu starfsmanna skoðunarstöðva til þess að kanna olíusýni þegar að bifreiðir eru færðar til skoðunar, þ.e. hvort um litaða olíu sé að ræða.

3. Þarf að huga að öðrum leiðum í ljósi reynslunnar og hvaða leiðir eru þá færar? Ríkisskattstjóri gerir að svo komnu máli ekki tillögu um aðrar leiðir.

Meðfylgjandi gögn:

F.h. ríkisskattstjóra

Bjarni Amby Lárusson

Álagning olúgjalds

Ár	Tímabil	Gjaldskyld olía		Undanþegin olía	85% endurgr.	
		Lítrar	Fjárhæð	Lítrar	Fjárhæð	Hlutfall
2010	1	8.189.066	432.802.568	6.578.558	11.963.981	2,76% 85%
2010	2	8.613.342	454.526.058	8.779.280	15.644.002	3,44% 85%
2010	3	0	0	0	0	#DIV/0! 85%
2010	4	0	0	0	0	#DIV/0! 85%
2010	5	0	0	0	0	#DIV/0! 85%
2010	6	0	0	0	0	#DIV/0! 85%
2010	7	0	0	0	0	#DIV/0! 85%
2010	8	0	0	0	0	#DIV/0! 85%
2010	9	0	0	0	0	#DIV/0! 85%
2010	10	0	0	0	0	#DIV/0! 85%
2010	11	0	0	0	0	#DIV/0! 85%
2010	12	0	0	0	0	#DIV/0! 85%
Samtals		16.802.408	887.328.626	15.357.838	27.607.983	

Ár	Tímabil	Gjaldskyld olía		Undanþegin olía	80/85% endurgr.	
		Lítrar	Fjárhæð	Lítrar	Fjárhæð	Hlutfall
2009	1	9.447.507	435.719.019	9.545.963	13.113.097	3,01% 80%
2009	2	9.308.602	429.312.725	8.868.827	11.039.911	2,57% 80%
2009	3	10.471.299	482.936.310	10.381.271	10.764.444	2,23% 80%
2009	4	10.108.922	468.714.571	10.162.935	8.819.951	1,88% 80%
2009	5	11.405.614	531.130.134	12.123.700	12.514.358	2,36% 80%
2009	6	12.732.883	650.904.979	13.666.275	8.193.939	1,26% 85%
2009	7	14.708.379	751.892.336	12.994.941	9.410.511	1,25% 85%
2009	8	13.020.158	665.590.477	11.078.248	10.356.074	1,56% 85%
2009	9	11.018.897	566.517.131	10.913.989	12.815.403	2,26% 85%
2009	10	9.877.308	548.691.891	11.124.373	14.930.449	2,72% 85%
2009	11	9.432.791	491.758.821	9.758.837	14.232.238	2,89% 85%
2009	12	8.855.144	460.364.223	8.824.702	11.710.199	2,54% 85%
Samtals		130.387.504	6.483.532.617	129.444.061	137.900.574	

Ár	Tímabil	Gjaldskyld olía		Undanþegin olía	80% endurgr.	
		Lítrar	Fjárhæð	Lítrar	Fjárhæð	Hlutfall
2008	1	11.492.301	471.184.341	10.560.080	11.819.862	2,51%
2008	2	11.561.249	474.011.209	11.195.485	11.223.964	2,37%
2008	3	11.711.807	480.184.087	12.679.305	10.010.329	2,08%

2008	4	12.318.264	505.048.824	12.982.027	11.430.051	2,26%
2008	5	12.934.301	530.306.341	14.087.726	10.571.966	1,99%
2008	6	13.414.587	549.998.067	13.783.139	7.455.066	1,36%
2008	7	15.470.553	634.292.680	14.841.458	10.019.350	1,58%
2008	8	13.908.783	570.260.103	13.203.924	9.924.356	1,74%
2008	9	12.702.759	520.813.119	13.105.262	10.927.747	2,10%
2008	10	12.077.090	495.160.690	13.453.006	12.008.113	2,43%
2008	11	10.342.251	424.032.291	11.148.500	10.116.382	2,39%
2008	12	8.645.732	383.851.512	7.295.609	13.307.946	3,47%
Samtals		146.579.677	6.039.143.264	148.335.521	128.815.132	2,13%

Ár	Tímabil	Gjaldskyld olía		Undanþegin olía	80% endurgr.	
		Lítrar	Fjárhæð	Lítrar	Fjárhæð	Hlutfall
2007	1	10.599.095	434.562.895	11.931.564	12.574.664	2,89%
2007	2	10.379.986	425.579.426	14.490.301	10.927.573	2,57%
2007	3	12.211.190	500.658.790	10.339.251	12.191.908	2,44%
2007	4	11.520.656	472.346.896	14.833.092	10.430.604	2,21%
2007	5	13.381.111	548.625.551	17.862.129	11.131.509	2,03%
2007	6	14.373.870	589.328.670	19.166.649	8.901.914	1,51%
2007	7	15.554.572	637.737.452	16.631.530	8.872.228	1,39%
2007	8	14.845.136	608.650.576	16.913.371	9.904.508	1,63%
2007	9	13.164.430	539.741.630	12.922.440	10.744.854	1,99%
2007	10	13.787.694	565.295.454	15.764.423	11.873.796	2,10%
2007	11	12.440.254	510.050.414	17.818.012	11.386.847	2,23%
2007	12	11.006.050	451.248.050	10.195.538	10.153.799	2,25%
Samtals		153.264.044	6.283.825.804	178.868.300	129.094.204	2,05%

Ár	Tímabil	Gjaldskyld olía		Undanþegin olía	80% endurgr.	
		Lítrar	Fjárhæð	Lítrar	Fjárhæð	Hlutfall
2006	1	10.094.373	413.869.271	11.704.194	12.610.180	3,05%
2006	2	9.095.337	372.908.817	12.065.419	11.531.172	3,09%
2006	3	11.460.438	469.877.958	15.611.817	13.246.378	2,82%
2006	4	10.559.909	432.956.269	14.050.606	11.410.089	2,64%
2006	5	12.158.268	498.488.988	17.839.358	12.244.868	2,46%
2006	6	13.299.276	545.270.316	14.884.615	11.192.064	2,05%
2006	7	14.411.046	590.852.886	15.819.115	10.893.341	1,84%
2006	8	13.887.434	569.384.794	16.104.608	11.190.086	1,97%
2006	9	12.090.794	495.722.554	15.323.315	11.482.090	2,32%
2006	10	12.140.797	497.772.677	15.385.623	11.706.416	2,35%
2006	11	11.292.496	462.992.336	13.845.326	12.050.002	2,60%
2006	12	10.316.180	422.963.380	10.150.282	11.128.872	2,63%

Samtals 140.806.348 5.773.060.246 172.784.278 140.685.558 2,44%

Ár	Tímabil	Gjaldskyld olía		Undanþegin olía	80% endurgr.	
		Lítrar	Fjárhæð	Lítrar	Fjárhæð	Hlutfall
2005	7	10.611.201	435.059.241	16.289.466	11.433.743	2,63%
2005	8	11.086.589	454.550.149	15.251.028	11.803.420	2,60%
2005	9	10.492.133	430.177.453	13.493.740	12.316.789	2,86%
2005	10	10.363.044	424.884.804	12.823.020	12.410.988	2,92%
2005	11	10.246.962	420.125.442	13.709.047	12.653.611	3,01%
2005	12	9.582.527	392.883.603	10.346.714	11.386.144	2,90%
Samtals		62.382.456	2.557.680.692	81.913.015	72.004.695	2,82%

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
Eiríkur Áki Eggertsson
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. apríl 2010 02-2010040982
G-ums 02/10

Alþingi
Erindi nr. P 138/1840
komudagur 29. 4. 2010


**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 87/2004,
um olúgjald og kílómetragjald - 531. mál.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 20. apríl 2010 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um olúgjald og kílómetragjald -531. mál.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á ofangreindum lögum um olúgjald og kílómetragjald. Í fyrsta lagi er lagt til að óheimilt verði að selja litaða olíu í sjálfsafgreiðsludælum nema greitt sé fyrir hana með viðskiptakorti. Þá er í öðru lagi lagt til að gjaldskrá sérstaks kílómetragjalds taki til bifreiða sem og eftirvagna. Í þriðja lagi er svo lagt til að sektarfjárhæðir laganna verði hækkaðar um 50% svo að þær hafi nægileg varnaðaráhrif.

Ríkisskattstjóri mælir eindregið með lögfestingu frumvarpsins enda er í því mælt fyrir um mikilvægar aðgerðir og breytingar á lögum um olúgjald og kílómetragjald. Þar skipta mestu máli aðgerðir til að sporna við misnotkun á litaðri olíu sem keypt er í sjálfsafgreiðslu.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þorðarson


Guðrún J. Jónsdóttir



Alþingi
Erindi nr. P 138/1885
komudagur 4.5.2010


29. apríl 2010
SÍ-62675


Nefndasvið Alþingis
nefndasvið@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með skeyti dags. 20. apríl 2010 óskaði efnahags- og skattanefnd eftir
umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um sölu litaðrar olíu.

Efni frumvarpsins er herðing skattainnheimtu og snertir verksvið
Seðlabankans aðeins óbeint. Engir alvarlegir gallar virðast vera á
tillögnum, en að öðru leyti tekur Seðlabankinn ekki afstöðu til málsins.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 3. maí 2010

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2004 – 531. mál


Skeljungur hf. gefur hér með umsögn sína um 1. gr. frumvarpsins, en ekki eru gerðar athugasemdir við önnur ákvæði þess.

Með ákvæði 1. gr. eru settar skorður við því hvaða greiðslumiðlar eru notaðir þegar viðskiptavinir greiða fyrir litaða olíu á sjálfsafgreiðsludælum á bensínafgreiðslustöðvum. Verði ákvæðið að lögum þá verður óheimilt að greiða fyrir litaða olíu með hefðbundnum debet og kreditkortum viðskiptabanka og reiðufé verður ekki lengur nothæfur gjaldmiðill í slíkum viðskiptum. Skilyrði fyrir því að söluaðilum verði heimilt að selja litaða olíu í sjálfsafgreiðslu er að greitt sé fyrir eldsneytið með viðskiptakorti söluaðilans. Þessi breyting er lögð til vegna grunsemda um að litaðri olíu sé í einhverjum mæli dælt á einkabíla á sjálfsafgreiðslustöðum. Gera má ráð fyrir að tillaga þessi byggji á því að reglur kortafyrirtækja um meðferð kortaupplýsinga og persónuupplýsinga koma í veg fyrir að hægt sé að nota persónugreinanlegar upplýsingar viðskiptabanka við eftirlit með kaup á litaðri olíu.

Frumvarpið verði það að lögum, kemur hins vegar ekki í vega fyrir það að söluaðilar selji litaða olíu í þjónustu, gegn hvaða greiðslumiðli sem er, enda er afgreiðsla eldsneytis ekki stjórnsýsluathöfn.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að aðgengi að gjaldfrjálsri litaðri olíu sé of mikið og að hún sé nær undantekningalaust seld í sjálfsafgreiðslu. Af texta í athugasemdum með frumvarpinu má ætla að með sjálfsafgreiðsludælum sé frekar lýst svokölluðum mannlausum afgreiðslustöðvum, en ekki hefðbundnum mönnum þjónustustöðvum með blandaðri þjónustu. Á mannlausum stöðvum er opnað fyrir viðskipti í hvert sinn með framvísun greiðslukorts, viðskiptakorts eða dælulykils í sjálfsala og því er talið í athugasemdum að lítið sem ekkert óhagræði hljóti af, hvorki fyrir kaupendur eldsneytis né olíufélögin, þó að greiðslumiðlun verði fækkað. Þarna gæti nokkurs misskilnings. Þó að tæknilega megi takmarka notkun greiðslumiðla á mannlausum stöðvum, þá verður það ekki hægt á mönnum þjónustustöðvum með hefðbundnum fjölvalsdælum, þar sem boðið er upp á sjálfsafgreiðslu með val um að greiða í sjálfsala og í verslun, gangi þessi breyting eftir. Líklegt er því að draga muni úr framboði á litaðri olíu á mönnum þjónustustöðvum verði frumvarpið að lögum og að eftirspurnin flytjist í sama mæli yfir á mannlausar stöðvar.

Skeljungur hf.


Ólafur Jónsson.

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1889
komudagur 4.5.2010



Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. maí 2010
Tilvísun: 2010040036/90.12
SE/BH
Tölvupóstur 20.04.2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 87/2004 um olúgjald, 531. mál.

Með tölvubréfi dags. 20. apríl sl. var ofangreint frumvarp sent Vegagerðinni til umsagnar.

Olúgjald telst til markaðra skattstofna sem varið er til framkvæmda á sviði vegamála. Gjaldið er innheimt af sölu dísel- og gasolíu til ökutækja. Tiltekin ökutæki og vinnuvélar njóta undanþága frá greiðslu gjaldsins. Heimilt er að nota litaða, gjaldfrjálsa dísel- og gasolíu á slík ökutæki. Því miður var sú leið valin við innleiðingu olúgjalds að lituð, gjaldfrjálsa olía er seld í sjálfsafgreiðslustöðvum sem opnar eru allan sólarhringinn. Þetta greiða aðgengi að gjaldfrjálsri olíu freistar óhjákvæmilega eigenda díselknúinna ökutækja til að nota gjaldfrjálsa olíu án heimildar enda um talsverðan ávinning að ræða af slíku misferli.

Með vísan til framangreinds styður Vegagerðin frumvarpið og telur þau atriði sem þær er tekið á til þess fallin að sporna gegn óheimilli notkun litaðrar olíu. Vegagerðin telur að auk þeirra atriða sem frumvarpið tekur á þurfi að grípa til frekari aðgerða og gerir eftirfarandi breytingatillögur við frumvarpið:

1) Við 3. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Eftirtaldir málsliðir 5. mgr. 19. gr. falli niður: „Sektarfjárhæðina skal lækka hlutfallslega þegar fyrir liggur að ekki hafi verið unnt að nota litaða olíu á skráningarskylt ökutæki, sbr. 3. mgr. 4. gr., á tveggja ára tímabili, talið frá þeim tíma er brot liggur fyrir. Sektarfjárhæð skal að hámarki lækkuð um helming“.

Greinargerð: Upphaflega var ráð fyrir því gert í lögum um olúgjald, að sektir við brotum miðuðust við þann ávinning sem ætla mætti að hinn brotlegi hefði haft af brotinu. Fallið var frá þessari tilhögun og eru viðurlög við brotum nú föst ákveðin fjárhæð háð þyngd ökutækisins. Framangreint ákvæði, sem hér er lagt til að verði fellt niður, er af þessum meiði og var ekki síst ætlað að gefa kost á lækkun sektar ef hinn brotlegi hefði átt ökutæki sitt skamman tíma. Óhjákvæmilega vaknar sú spurning hvort að það standist jafnræðisreglur að heimilt sé að lækka sektir til þeirra brotlegu aðila sem eiga ökutæki undir tilteknum aldri. Ekki verður séð að fyrirfram séu minni líkur á að brotlegur aðili sem á nýlegt ökutæki hafi framið samskonar brot og eigandi eldra ökutækis eða að brot hans sé á einhvern hátt síður alvarlegt.

Það eitt að hinn brotlegi hafi endurnýjað ökutæki sitt nýlega á ekki að geta veita honum afslátt af viðurlögum við brotinu. Er því eindregið lagt til að umrætt ákvæði verði fellt niður enda bíður ákvæðið upp á óeðlilega mismunun við meðferð sambærilegra mála.

2) Við frumvarpið bætist ný grein, sem verði 4. gr., svohljóðandi:

2. mgr. 18. gr. laganna orðist svo:

„Eftirlitsmönnum er heimilt að stöðva ökutæki til að gera þær athuganir sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna hvort lituð olía hafi verið notuð á skráningarskylt ökutæki andstætt ákvæði 3. mgr. 4. gr., þar á meðal að. Eftirlitsmönnum er hvenær og hvar sem er heimilt að taka sýni úr eldsneytisgeymi ökutækis og birgðageymum, gera nauðsynlegar athuganir á eldsneytisgeymi, vél og öðrum búnaði ökutækis, til að staðreyna hvort lituð olía hafi verið notuð á ökutækið. Jafnframt er eftirlitsmönnum heimilt að stöðva ökutæki og gera þær athuganir á því sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna að ökutæki, mælabúnaður þess og skráning ökumanns á akstri sé í samræmi við skráningu ökutækisins í álestrarskrá ökumæla. Þá er eftirlitsmönnum heimilt að leggja hald á skráningarblöð ökurita og akstursbók. Ökumanni er skylt að stöðva ökutæki óski eftirlitsmaður þess og fara að fyrirmælum eftirlitsmanns um framkvæmd eftirlits. Ökumanni er skylt að veita eftirlitsmanni aðgang að ökutæki eftir því sem nauðsynlegt er til að unnt sé að gera framangreindar athuganir í þágu eftirlits“.

Greinargerð: Lögð er til orðalagsbreyting á ákvæði laganna er varðar eftirlit í þeim tilgangi að skýra heimildir eftirlits. Í framkvæmd hefur komið upp vafi varðandi þetta atriði sem valdið hefur vandkvæðum í erfiðari málum þegar eigendur og umráðamenn ökutækja neita samvinnu við eftirlit. Í slíkum tilvikum kunna eftirlitsmenn að vera knúnir til að leita aðstoðar lögreglu við framkvæmd eftirlits. Í þeim tilvikum er nauðsynlegt að heimild til viðkomandi eftirlitsaðgerðar sé skýr og greinileg til þess að lögregla geti gripið inn í. Að öðrum kosti þarf að vera um rökstuddan grun um brot að ræða til að lögregla telji sér almennt heimilt að beita þvingunarúrræðum, s.s. að veita aðgang að ökutæki svo unnt sé að gera á því nauðsynlegar athuganir. Í mörgum tilvikum er erfitt að sýna fram á rökstuddan grun um brot nema að heimild fái til að taka sýni af olíutanki ökutækis. Skylda ökumanns og umráðamanns ökutækis til að virða tilmæli eftirlitsmanns og gera sýnatöku mögulega er mikilvæg til að tryggja að eftirlit fari fram með eðlilegum hætti. Jafnframt yrði með breytingunni komið í veg fyrir að brotlegir aðilar geti hindrað framkvæmd eftirlits sem því miður hefur gerst í einstaka tilvikum.

3) Við frumvarpið bætist ný grein, sem verði 5. gr., svohljóðandi:

Við 19. gr. bætist svohljóðandi ákvæði:

„Gera má ökumanni sem virðir ekki fyrirmæli eftirlitsmanns um stöðvun ökutækis eða hverjum þeim sem á annan hátt tálmar framkvæmd eftirlits sekt samkvæmt 5. mgr. þessarar greinar“.



Greinargerð: Þegar brotlegum aðila tekst að hindra eftirlit með því t.d. að stöðva ekki ökutæki eða virða ekki að öðru leyti fyrirmæli eftirlits er lagt til að unnt verði að beita hann viðurlögum eins og að brot hefði sannast þannig að brotlegur aðili geti ekki komist undan því að sæta ábyrgð með því að virða ekki fyrirmæli eftirlits. Er því lögð til viðbót við 19. gr. í þá veru að gera megi aðila, sem ekki virðir fyrirmæli eftirlits, sekt með sama hætti og að brot hefði sannast.

Vegagerðin vill að lokum taka fram að í meginatriðum eru annars vegar fækkun undanþága og hins vegar takmarkanir á aðgengi að litaðri olíu sem meginmáli skipta í baráttu gegn óheimilli notkun litaðrar olíu á ökutæki. Það ásamt skýrum eftirlitsheimildum og hæfilegum viðurlögum sem hafa varnaðaráhrif myndi stuðla að betri og réttlátari innheimtu olíugjalds.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson,
vegamálastjóri.

Alþingi
Erindi nr. P 138/888
komudagur 4.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 4. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2004, um oliugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum. (531. Mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á afgreiðslufyrirkomulagi á litaðri olíu og hækkan á sektum vegna misnotkunar á henni.

Það er kerfi sem nú er notað vegna gjaldfrjálsrar olíu er bæði einfalt og skilvirkt og hefur því ótvíræða kosti fram yfir flóknari endurgreiðslukerfi. Sá galli fylgir þó þessu kerfi að erfitt getur verið að fylgjast með notkun litaðrar olíu, hverjir það eru sem hana nýta og til hvaða nota. Mjög skýrt er í lögum um oliugjald og kílómetragjald hverjir það eru sem hafa heimild til nota á litaðri olíu og eru viðurlög í lögnum við misnotkun.

Frumvarp þetta felur í sér tvenns konar breytingar vegna afgreiðslu og misnotkunar á litaðri olíu. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu á fyrirkomulagi á afgreiðslu og í öðru lagi eru sektir við misnotkun þyngdar töluvert. Það er mat fjárlagaskrifstofu að þessum breytingum fylgi ekki aukin útgjöld fyrir ríkissjóð en aðeins auknar tekjur. Viðskiptaráð fagnar því enda ekki vanþörf á auknum tekjum fyrir ríkissjóð eins og staðan er í dag.

Viðskiptaráð tekur undir þau sjónarmið að gæta verði að misnotkun og gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir hana. Ráðið gerir þó athugasemd við þá takmörkun á afgreiðslu sem frumvarpið felur í sér. Með því eru settar skorður við afgreiðslu á litaðri olíu sem áhrif getur haft á hvar slík olía er keypt og verður því að huga að samkeppnissjónarmiðum. Með því að skylda þá aðila sem hafa leyfi til að versla með litaða olíu til að versla með viðskiptakortum getur það leitt af sér stýringu á því hvar þeir versla slíka olíu. Afgreiðslustöðvar olíufyrirtækja eru dreifðar um landið og víðast hvar hafa aðilar val um hvaða fyrirtæki þeir versla við. Með því að skylda upptöku viðskiptakorta er verið að beina aðilum í þá átt að versla við einn aðila eða í það minnsta við færri aðila en áður. Ráðið gerir því athugasemdir við þau samkeppnislegu áhrif sem breyting þessi gæti haft í för með sér.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tillit til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllt,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands